

# Dalvíkurskóli



Valgreinahefti fyrir 8. - 10. bekk

Skólaárið 2014-2015

## Efnisyfirlit

<b>Efnisyfirlit</b> .....	1
<b>Um valgreinar</b> .....	2
<b>Pýska I</b> .....	2
<b>Heimilisfræði</b> .....	2
<b>Trésmíði</b> .....	3
<b>MYNDLIST – málun – teikning - þrykk</b> .....	3
Teikning .....	3
Málun.....	4
<b>Textílmenn</b> .....	4
Vélsaumur.....	4
Prjón .....	5
Hekl.....	5
<b>Sjálfsmennska</b> .....	5
<b>Drengjamening</b> .....	6
<b>Leikfélagið/Leiklist</b> .....	6
<b>Íþróttaval</b> .....	7
<b>Lífstíll – íþróttir og heimilisfræði</b> .....	8
<b>Stærðfræði-grunnur</b> .....	8
<b>Stærðfræði-framhald</b> .....	9
<b>Kvikmyndagerð/hreyfimyndagerð</b> .....	9
<b>Golf</b> .....	10
<b>Blak</b> .....	11
<b>Útivist og fjallganga</b> .....	12
<b>Forritun</b> .....	12
<b>Hljóð- og upptökutækni</b> .....	12
<b>Samspil – hljómsveit</b> .....	13
<b>Tómstunda – val</b> .....	13
<b>Inngangsfangar við MTR</b> .....	13
Inngangur að félagsvísindum - IFÉ1A05 .....	14
Inngangur að listum - ILI1A05.....	15
Inngangur að náttúruvísindum - INÁ1A05.....	16
<b>Valgreinaseðill fyrir skólaárið 2014-15</b> .....	18

## Um valgreinar

Allir nemendur 8. – 10. bekkjar eiga kost að velja námsgreinar á áhugasviði sínu. Nemendur 8. bekkjar velja eitt námskeið en 9. og 10. bekkjar velja tvö námskeið. Fyrirkomulag valsins er með þeim hætti að nú á vordögum fá nemendur valgreinaseðla og velja valgreinar fyrir hverja önn.

Athugið að:

- ✓ Seta í nemendaráði er metið sem ein valgrein (kosningar verða í haust).
- ✓ Nemendur geta nýtt sér tómstundagrein sem valgrein, sjá nánar kafla um tómstundaval.
- ✓ Nemendur sem velja inngangsáfangu við MTR fá þá metna sem tvær valgreinar, sjá nánar kafla um MTR.

**Lágmarksfjöldi í hverri valgrein eru 8 nemendur.** Númera skal valgreinar frá 1 – 5 fyrir hverja önn. Gert er ráð fyrir því að nemendur skipti um valgrein á annaskiptum nema í þýsku og myndlist-málun. Þar er gert ráð fyrir að nemendur séu tvær annir.

## Þýska I

### Markmið

- ✓ að nemendur kynnist þýskri menningu og tungu. Jafnframt verður reynt að undirbúa nemendur undir frekara nám í þýsku. Nemendur eiga að geta lesið og skilið einfaldan þýskan texta og geta jafnframt tjáð sig munnlega og skriflega með einföldum orðaforða.

### Námsefni

- ✓ Þýska fyrir þig., kennslubók og verkefnablöð tengd henni, kafla 1 – 4. Ýmis ljósrituð verkefni og upplýsingablöð afhent af kennara. Fræðslumyndband um Þýskaland og þýska menningu.

### Kennslulýsing

- ✓ Námið felst m.a. í hlustun og þjálfun í framburði. Efni einstakra kafla er þjálfað með samtölum, úrvinnslu málfræðiverkefna og þýðingum. Gert er ráð fyrir heimavinnu til frekari þjálfunar.

### Námsmat

- ✓ Stuttar kannanir, verkefni og lokapróf. Munnlegt próf.

## Heimilisfræði

### Kennslulýsing

Hvert námskeið í heimilisfræði mun standa yfir eina önn. Nemendur geta valið heimilisfræði tvisvar sinnum yfir veturinn.

### Markmið

- ✓ að vekja hjá nemendum áhuga á matargerð og bakstri.
- ✓ að nemendur temji sér sjálfstæð vinnubrögð.
- ✓ að nemendur verði færir um að vinna saman hvort sem er á heimili eða í skóla.
- ✓ að nemendur geri sér grein fyrir mikilvægi góðrar umgengni við matargerð og mikilvægi þess að ganga snyrtilega um eldhúsið.
- ✓ að efla skilning og þekkingu nemenda á heimilishaldi með áherslu á tengsl við hollustu og heilbrigði, svo það nýtist þeim sem best í daglegu lífi.

- ✓ að kynna nemendum leiðir til sparnaðar.
- ✓ að nemendur þjálfist í að flokka þvott og setja í þvottavél ásamt almennum frágangi á þvotti, læri um meðferð fatnaðar og skófatnaðar.

### Námsefni

- ✓ Uppskriftir og verkefni frá kennurum

### Kennslulýsing

- ✓ Hópavinna.


### Námsmat

- ✓ Símat þar sem tekið er tillit til mætingar, framkomu, vinnusemi, áhuga, verklagni og samvinnu. Gefin verður 50% heildareinkunn fyrir uppskriftabók eftir veturinn og einnig verða verkleg próf bæði í matreiðslu og bakstri.

## Trésmíði

### Markmið

- ✓ að kynnast vinnuferlinu frá hönnun til lokaafurðar
- ✓ að efla sköpunargáfu nemenda og gera þá sjálfstæðari í vinnubrögðum
- ✓ að nemendur meti eigið handverk og annarra og skynji mikilvægi þess
- ✓ að nemendur temji sér vandaðan frágang
- ✓ að nemendur geti fylgt hönnunarferli
- ✓ að nemendur geti útfært hugmyndir sínar og gert verkáætlun
- ✓ að nemendur kynnist þætti rafmagns í tækjum og tækni



### Kennslulýsing

- ✓ Einstaklingskennsla
- ✓ Nemendur vinna hluti í samvinnu við kennara þar sem reynir á samsetningu. Hönnun verði útfærsluatriði nemenda.
- ✓ Nemendur velja verkefni eftir áhuga. Skal það vera í samráði við kennara og innan ákveðins ramma.

### Námsmat

- ✓ Námsmat er byggt á eftirfarandi þáttum: framkvæmd og sjálfstæði, hugmyndum, hegðun og svo afurðinni sjálfri.

## MYNDLIST – málun – teikning - þrykk

Í myndlist er gert ráð fyrir að nemendur hafi ákveðinn grunn sem byggt er ofan á. Lögð verður áhersla á sjálfstæði í vinnubrögðum og hugmyndaauðgi. Verkefni skulu í öllum tilfellum bæta við þá þekkingu sem nemendur hafa áður öðlast.

Boðið verður upp á þrjú námskeið í myndlist. Teikning verður kennd á haustönn og málun á vetrar- og vorönn. Nemendur geta valið eitt eða fleiri námskeið.

### Kennslulýsing

#### Teikning

- ✓ Læri grunnþætti í teikningu og myndbyggingu, (þrívíddarteikning), hlutateikning og skyggingar.

## Málun

- ✓ Málun, vatnslitir, akrýllitir, olíulitir. Landslag, uppstilling, frjálst. Umgengi og aðferðir við gerð málverks.

### Markmið og áhersluatriði

- ✓ Farið verður í skissugerð og undirbúning að listaverki í öllum námskeiðum. Til undirbúnings, þjálfunar og hugmyndagerðar.
- ✓ Farið verður í stutt ágríp úr listasögu með áherslu á samtímalist og listamenn.
- ✓ Farið verður í vettfangsferðir á söfn, skóla og á vinnustofur listamanna ef það er möguleiki.
- ✓ Gerð er krafa um áhuga, sjálfstæð og öguð vinnubrögð.



### Kennslugögn:

- ✓ Efni útbúið af kennara.

### Námsmat

- ✓ Við námsmat í myndlist er tekið tillit til vinnusemi, vandvirkni, ástundunar og hegðunar.
- ✓ Farið verður í vettfangsferðir á söfn, skóla og á vinnustofur listamanna ef það er möguleiki

## Textílmennt

Í textílmennt er gert ráð fyrir að nemendur hafi ákveðinn grunn sem byggt er ofan á. Lögð verður áhersla á sjálfstæði í vinnubrögðum og hugmyndaauðgi. Verkefni skulu í öllum tilfellum bæta við þá þekkingu sem nemendur hafa áður öðlast. Fjögur námskeið eru í boði, tvö á haustönn; Vélsaumur og þæfing, þrjú námskeið verður á vetrarönn og hekl á vorönn.

## Vélsaumur

### Markmið

#### Að nemendur:

- ✓ Verði færir um sjálfstæða vinnu í notkun saumavéla og áhalda sem notuð eru við vélsaum.
- ✓ Læri að leggja snið á efni og sníða.
- ✓ Saumi stykki sem innifelur ákveðin verkefni sem kennari ákveður.

### Námsefni

- ✓ Bækur og blöð um vélsaum.

### Námsmat

Við námsmat í textílmént er tekið tillit til vinnusemi, vandvirkni, ástundunar og hegðunar.

# Prjón

## Markmið

### Að nemendur:

- ✓ Verði færir um sjálfstæð vinnubrögð í prjóni og geti prjónað með mismunandi prjónum.
- ✓ Verði færir um að prjóna eftir uppskriftum og geti notað mismunandi prjónatækni.
- ✓ Prjóni verkefni sem innifelur ákveðna þætti sem kennari ákveður.

## Námsefni

- ✓ Bækur og blöð um vélsaum.

## Námsmat

Við námsmat í textílmnt er tekið tillit til vinnusemi, vandvirkni, ástundunar og hegðunar.

# Hekl

## Markmið

### Að nemendur:

- ✓ Verði færir um sjálfstæð vinnubrögð í hekli og geti tileinkað sér mismunandi aðferðir í hekli.
- ✓ Verði færir um að hekla eftir uppskriftum.
- ✓ Hekli verkefni sem innifelur ákvaðna þætti sem kennari ákveður.

## Námsefni

Bækur og blöð um vélsaum.

## Námsmat

Við námsmat í textílmnt er tekið tillit til vinnusemi, vandvirkni, ástundunar og hegðunar.

# Sjálfsmennska

## Markmið

- ✓ að stuðla að jákvæðri sjálfsmynd nemenda.
- ✓ að veita nemendum aukna sjálfsstyrkingu.
- ✓ að nemendur öðlist meiri vitund um eigið ágæti.
- ✓ að nemendur fái meiri þjálfun í ýmsum þáttum sem snúa að daglegu atferli.
- ✓ að kynna fyrir nemendum ýmislegt sem snýr að daglegri umhirðu.
- ✓ að nemendur öðlist meiri færni í samvinnu.
- ✓ að nemendur öðlist sjálfstæði og geti öðlast ábyrgð.
- ✓ að nemendur öðlist færni í að skipuleggja fjármál sín.
- ✓ að nemendur geri sér grein fyrir þeim breytingum og högum sem verða við að fara í framhaldsnám.

## Áhersluþættir

- ✓ húð og húðumhirða
- ✓ hár og hárumhirða
- ✓ útivera
- ✓ leiklist
- ✓ hópefli
- ✓ matargerð og bakstur

- ✓ förðun og framkoma
- ✓ tjáning og túlkun
- ✓ líkamsbeiting
- ✓ sjálfsstyrking
- ✓ föndur
- ✓ verkstæðisvinna
- ✓ forvarnir
- ✓ fyrirtækjaheimsóknir
- ✓ stofnanaheimsóknir

## Námsmat

- ✓ Nemendur vinna fyrir hvern tíma dagbókarfærslur. Þær eru sérstaklega metnar. Þá eru einnig þættir eins og t.d. ástandun, vinnusemi, samvinna, hegðun og framkoma metnir til lokaeinkunnar.

## Drengjamenning



Á námskeiðinu verður farið yfir það sem tengist strákum og menningu dag og áður fyrr. Reynt verður að svara spurningunni hvað okkur finnst karlmennska og hvað ekki.

### Markmið

- ✓ Skoða hugtakið drengjamenning og karlmennska.
- ✓ Skoða hvað það þýðir að vera karlmaður í okkar samfélagi út frá ýmsum síðum og gildum.
- ✓ Skoða hvað er karlmannlegt og hvað ekki.
- ✓ Skoða karlmennsku í ljósi sögunnar og nútímans.
- ✓ Kanna hvað forfeður okkar gerðu og daglegt líf þeirra.

### Kennslulýsing

- ✓ Farið verður í lífsleikniæfingar og ýmsa leiki. Samskipti verða æfð með hlutverkaleikjum, spilum og unnið með hugmyndir nemenda.

### Námsefni

- ✓ Námsleikir.
- ✓ Námsefni útbúið af kennara.

### Námsmat

- ✓ Virkni og vinna í tímum
- ✓ Sjálfsmat

## Leikfélagið/Leiklist

**Leikfélag Dalvíkur býður upp á leiklistarnámskeið fyrir 10. bekk í samvinnu við grunnskólann á haustönn. Auk þess verður boðið upp á leiklistarnámskeið á vetrar- og vorönn fyrir nemendur í 8. og 9. bekk.**

### Markmið

- ✓ að stuðla að jákvæðri sjálfsmynd nemenda
- ✓ að veita nemendum aukna sjálfsstyrkingu
- ✓ að nemendur öðlist færni í samvinnu
- ✓ að nemendur öðlist færni í skipulagningu
- ✓ að ýta undir sjálfstæði nemenda
- ✓ að efla hugmyndaugði og sköpunargleði nemenda
- ✓ að nemendur læri ákveðnar leiðir í tengslum við tjáningu
- ✓ að nemendur læri ákveðnar leiðir í tengslum við framsögn
- ✓ að nemendur læri ákveðnar leiðir í tengslum við framkomu



## Námsefni

- ✓ Efni frá kennara. Hugmyndir, útfærslur og leiðir unnar af kennara og í samstarfi við hópinn.

## Kennslulýsing

- ✓ Nemendur vinna að ákveðnu verkefni (uppfærslu) og fer sú vinna fram í leikhúsinu Ungó (10. bekkur). Tímar gætu orðið utan almennrar stundaskrár, jafnvel seinnipart dags eða að kvöldi. Nemendur verða að vera tilbúnir að leggja á sig nokkuð stífa vinnu í stuttan tíma.
- ✓ 8. og 9. bekkur vinna að stórum hluta í skóla, þ.s. áhersla verður lögð á spuna, að koma fram og setja upp minni leikrit.

## Námsmat

- ✓ Nemendur fá einkun miðað við ástundun, vinnusemi, hegðun, samvinnu, umgengni, skil á verkefnum og einnig skil á vinnumöppu.

# Íþróttaval

## Markmið

- ✓ að nemendur beri ábyrgð á eigin heilsu þ.e. hreyfingu, mataræði og andlegri líðan.
- ✓ að nemendur geti sett sér raunhæf markmið.
- ✓ að nemendur geti metið á sjálfstæðan hátt eigin lífsgildi og lífsstíl óháð staðalmyndum samfélagsins.
- ✓ að nemendur bæti líkamlega getu í þoli, styrk og liðleika.
- ✓ að nemendur hreyfi sig og hafi gaman af því.
- ✓ að nemendur kynnist ólíkum íþróttgreinum.

## Námsefni

- ✓ Laus blöð og þjálfunarátlanir.
- ✓ Efni frá kennara.

## Kennslusýsing

- ✓ Kennt einu sinni í viku í 90 mínútur.
- ✓ Fjölbreyttar kennsluáðferðir í ýmsum íþróttgreinum.

## Námsmat

Símat þ.e. kennari fylgist með nemendum og metur:

- ✓ Ástundun.
- ✓ Áhugasemi.
- ✓ Hegðun.
- ✓ Frumkvæði.
- ✓ Sjálfsmat nemenda.





# Lífstíll – íþróttir og heimilisfræði



Lýsing á námsgreininni:

Tveir kennarar halda utan um valgreinina. Í sumum tímum eru allir nemendur saman og báðir kennarar með en í öðrum tímum er þeim skipti í 2 hluta og kennarar sjá um sitt hvort kennsluefnið.

Markmið:

## Markmið

- ✓ Lífstíll er hugsuð sem er valgrein fyrir unglingastig grunnskóla þar sem farið er vítt og breitt í allt sem styður við heilbrigðan lífsstíl ungmenna og barna.
- ✓ Farið verður í eftirfarandi þætti bæði verklega og bóklega: Næring og neytendafraeði, hvíld/svefn, hreyfing, verkleg matreiðsla á hollum og fjölskylduvænum mat og öðru matartengdu. Reynt verður að gefa unglingum kost á að prófa sem flestar gerðir hreyfingar.
- ✓ Árangurinn sem vænst er til með námsgreininni er að börn og unglingar verði meðvitaðri og opnari fyrir hreyfingu og heilbrigðum lífsstíl. Auk þess sem þau geri sér betur grein fyrir eigin ábyrgð og eigin GETU til að lifa góðu og heilbrigðu lífi.

## Kennslulýsing

- ✓ Næring Hollar neysluvenjur, næringarfræði, umbúðamerkingar, næring ungs íþróttafólks, næring í drykkjarvörum, veldu rétt brauð, 5 á dag og verkefni unnin í næringardagbók/dagbók.
- ✓ Hollur matur: Verkleg matreiðsla: Hollir og góðir réttir, morgunverður, fiskur, millimál og brauð/kex.
- ✓ Það er til hreyfing við allra hæfi: Almenn hreyfing við allra hæfi (líkamsrækt, hjól, göngur, lyftingar, spinning, útivist, teygjur, ofl.) Leitast er við að kynna á verklegan hátt heilsurækt sem almennt er í boði. Nemendur fá að kynnast og prófa sem flestu. Þannig geta þeir gert sér grein fyrir að hreyfingu er hægt að sinna með mörgum leiðum og allir geta fundið eitthvað við sitt hæfi og getustig.
- ✓ Slökun/hvíld: Svefn, slökun og rétt öndunartækni. Dagbókarskýrslur og verkefni.

## Námsmat

- ✓ Þátttaka og virkni.
- ✓ Dagbókafærslur.

## Stærðfræði-grunnur

### Markmið

- ✓ Að auka sjálfstraust nemenda gagnvart stærðfræði.
- ✓ Að nemendur fái viðbótartíma til að þjálfra grundvallaratriði stærðfræðinnar.
- ✓ Að nemendur fái stuðning við námið í bekknum.

### Námsefni

- ✓ Kennarinn mun velja efni við hæfi og taka það héðan og þaðan allt eftir námsþáttum.
- ✓ Unnið verður meðal annars með talnaskilning, almenn brot, tugabrot, sætiskerfið, röð reikniadgerða, einfaldan jöfnureikning, grunnatriði rúmfræði og hnitakerfið.

- ✓ Náms efni sem bekkurinn er að fást við hverju sinni.

### **Kennslulýsing**

- ✓ Kennt verður einu sinni í viku, 1,5 klst. í senn. Þar af 0,5 klst. stuðningur við það efni sem verið er að vinna í bekknum.
- ✓ Undirstöðuatriði verða rifjuð upp og verkefni unnin samhliða.
- ✓ Lögð verður áhersla á skipulögð vinnubrögð og vandaða meðferð tákna máls stærðfræðinnar.
- ✓ Kröfur verða gerðar um lítilsháttar heimanám í formi æfinga í ákveðnum efnispáttum. (en þetta er 1,5 klst og þá á ekki að vera heimanám)

### **Námsmat**

- ✓ Leiðsagnarmat.
- ✓ Stutt skriflegt próf
- ✓ Skólapróf á vorönn.



## **Stærðfræði-framhald**

**Forkröfur :** Að nemandi hafi fengið 9,0 eða hærra í stærðfræði á vorprófi í 8. bekk eða 8,0 eða hærra á vorprófi í stærðfræði í 9. bekk.

### **Markmið**

- ✓ Að nemendur sem standa vel í stærðfræði geti bætt við sig í geininni.
- ✓ Að nemendur venjist þeim kröfum og vinnubrögðum sem ríkja í framhaldsskólanum.

### **Námsefni**

- ✓ Unnið verður með almenn brot, veldi og rætur, hlutföll og prósentur, bókstafareikning (brot, liðun, þáttun, jöfnur) og hnitareikning.
- ✓ Námskeið í töflureiknir, Exel. Nemendur kynnast grunnaðgerðum í töflureikni. Þeir sem lengra eru komnir læra að nýta sér fjölbreytta möguleika töflureiknis, t.d. bókahald.

### **Kennslulýsing**

- ✓ Kennt verður 1,5 klst. á viku.
- ✓ Farið verður dýpra í margt af því námsefni sem unnið er með í 9. og 10. bekk.
- ✓ Lögð verður áhersla á skipulögð vinnubrögð og vandaða meðferð tákna máls stærðfræðinnar.
- ✓ Miklar kröfur eru gerðar um heimanám.

### **Námsmat**

- ✓ Leiðsagnarmat, formleg heimadæmi.
- ✓ Skólapróf á vorönn og kaflapróf í lok hvers efnispáttar.
- ✓ Heimanámsskil.
- ✓ Ritgerð um hugtak innan stærðfræðinnar.

## **Kvikmyndagerð/hreyfimyndagerð**

**Boðið verður upp á þrjú námskeið yfir veturinn. Nemendur geta valið eitt eða fleiri námskeið yfir veturinn.**

Námsgreinin skiptist í tvo hluta í fyrri hlutanum verður hreyfimyndagerð. Í þeim hluta læra nemendur aðferðir og tækni til að búa til hreyfimyndir, en hreyfimyndagerð býður upp á óendanlega möguleika. Nemendur læra undirstöðuatriði í öllum þáttum ferilsins, s.s. mynd-, eftir- og hljóðvinnslu. Kennst verður á opinn hugbúnað svo nemendur geta vandræðalaust unnið að hreyfimyndagerð. Nemendur geta svo sjálfir haldið áfram að vinna með miðilinn, hvort sem er í skólanum eða heima.

Farið verður í fjórar aðferðir hreyfimyndagerðar þar sem unnið er með skuggamyndir, "pixelation" stopp-tæknina, með því að vinna tvívítt og þrívítt í litlum skala og með endurvinnslu stafræns efnis í tölvu. Unnið er í litlum hópum, áhersla er lögð verklegar og skapandi æfingar og að nemendur læri að fullvinna verkin innan þeirra tímamarka sem áfangin leyfir.

Nemendur eiga að vera með minnislykill með 4-8GB af plássi svo hægt sé að taka með sér eintak af myndunum sem gerðar verða. Önnur markmið kvikmyndagerðar má lesa um hér að neðan.

### **Markmið**

- ✓ Nemendur kynnist því hvernig kvik-/stuttmynd verður til og hvaða aðferðum er beitt. Nemendur kynnist þeim tækjum og forritum sem aðgengilega eru í dag við kvikmyndagerð.
- ✓ Kynnist hvernig nýta megi kvikmyndaformið á mismunandi hátt. s.s. í heimildarmyndum, tónlistarmyndböndum, auglýsingum ofl.
- ✓ Gerð er krafa um áhuga, sjálfstæð og öguð vinnubrögð.
- ✓ Einstaklingsverkefni og hópverkefni einnig verða heimaverkefni. Kennsla fer einnig fram utan kennslutíma.

### **Kennslulýsing:**

- ✓ Nemendur kynnist vinnuferli og grunþáttum í gerð stuttmynda. Handritsgerð, söguborð (storyboard) og tókuplan.
- ✓ Nemendur geti rætt verk sín og annara á gagnrýnin hátt.
- ✓ Nemendur geti klippt bæði mynd og hljóð. Geti meðhöndlað og umgengist þau tæki sem notuð eru við stuttmyndagerð.
- ✓ Nemendur geti gengið frá verkum sínum bæði á DVD form og á netið.
- ✓ Farið verður inn á notkun stafrænna myndavéla í sambandi við gerð hreyfimynda (stop motion).
- ✓ Horft verður á kvikmyndir og þær ræddar.
- ✓ Kvikmyndagagnrýni skrifleg og munnleg framsaga.

### **Námsmat**

- ✓ Verkefni, ástundun og vinnubrögð.

### **Kennslugögn:**

- ✓ Efni útbúið af kennara.
- ✓ Heimaverkefni

## **Golf**

### **Markmið**

Að nemendur:

- ✓ geti leikið 4-9 holur á Arnarholtsvelli, golfvelli Golfklúbbsins Hamars
- ✓ viti hvernig eigi að ganga um völlinn
- ✓ þekki helstu reglur í golfi og hagi sér eins og kylfingi sæmir

## Áhersluatriði

- ✓ Farið er í grunnreglur íþróttarinnar svo að nemendur geti leikið eftir þeim.
- ✓ Nemendur læri undirstöðuatriði tækninnar í þúttum, vippum og sveiflunni.
- ✓ Nemendur læra að halda utan um skor.
- ✓ Nemendur fá vitneskju um forgjöf og hvernig hún virkar.
- ✓ Kenna orðaforða í golfinu eins og par, slæs, húkk, víti o.fl. sem tengist vellinum.
- ✓ Nemendur læri ýmsa leiki og keppnir í þúttum og vippum.

## Kennslulýsing

Kennslan fer fram að hausti svo að möguleikt er á því að vera úti. Notast verður við litla völlin við Kirkjubrekkuna og æfingasvæði klúbbsins.

Kennt verður í Víkurröst ef veður er slæmt.

## Kennslugögn

Nemendur þurfa ekki að eiga kylfur og kúlur þar sem séð er fyrir nauðsynlegum gögnum.

## Námsmat

- ✓ Mæting
- ✓ virkni

## Blak

### Efnisatriði

Farið í grunntækni blaks.

- ✓ Blak, blakþjálfun, líkamsstaða, uppgjöf, fleygur, fingurslag, skellur/smátt, hávörn, lágvörn, leikfræði, leikreglur, blakvöllur, sóknarhelmingur, varnarhelmingur, uppgjafarreitur, dómari, merki dómara.
- ✓ Helstu atriði leikskipulags og reglur kynntar.
- ✓ Taki þátt í verklegum æfingum sem sýna hvernig nýta má blak til líkamsræktar.

Iðki blak sér til ánægju og skemmtunar.

Taki þátt í æfingum og leikjum í blaki sem stuðla að jákvæðum samskiptum kynja.

Taki þátt í leikjum sem stuðla að samvinnu og tillitssemi

Auki þekkingarsvið sitt.

### Námsfyrirkomulag

- ✓ Nemendur mæta einu sinni í viku í Íþróttamiðstöðina og spila blak. Nemendur geta tekið þennan áfanga oft.

## Kennslugögn

Enginn

## Námsmat

Nemendur verða metnir út frá símati og sjálfsmati. Í sjálfsmatinu meta nemendur sig út frá þeim efnisatriðum sem farið verður í.

## Útivist og fjallganga

### Markmið

- ✓ Að læra að undirbúa gönguferðir og fjallgöngur.
- ✓ Að gera ferðaáætlanir, lesa í veðurspá.
- ✓ Að læra að klæða sig og útbúa eftir veðri.
- ✓ Að vita og geta nýtt algengan útbúnað í lengri gönguferðum.
- ✓ Að kynna náttúrunni og útivistarmöguleikum í Dalvíkurbyggð.
- ✓ Að kynna helsta öryggisbúnaði sem notaður er í styttri fjallgöngum.



### Kennslulýsing

- ✓ Nemendur undirbúa gönguferðir í samvinnu við kennara og síðan verður farið í fjórar lengri gönguferðir u.þ.b. fjögurra tíma göngur.

### Kennslugögn

- ✓ Æskilegt er að nemendur hafi aðgang að útivistarbúnaði, annars mun kennari aðstoða við að útvega nauðsynlegan búnað.

### Námsmat

- ✓ Virkni í tímum.
- ✓ Þátttaka í ferðum.

## Forritun



### Markmið

- ✓ Í þessum áfanga kynna nemendur forritun á einfaldan og myndrænan hátt.

### Kennslulýsing

- ✓ Notast er við kennslutækið Alice sem gerir nemendum kleift að læra grundvallar hugtök í forritun með því að búa til hreyfimyndir og einfalda tölvuleiki. Alice er ókeypis hugbúnaður sem nemendur geta notað í tölvuveri skólans eða í heimilistölvunni ef áhugi er mikill.

### Námsmat

- ✓ Virkni í tímum.
- ✓ Útfærsla á verkefni
- ✓ Sjálfsmat

Á YouTube rás SKEMA er hægt að skoða sýnishorn af því sem hægt er að búa til með Alice:

<https://www.youtube.com/user/SkemaEducation/videos>

## Hljóð- og upptökutækni

### Markmið

Í Tónlistarskóla Dalvíkurbyggðar verður boðið upp á nám í hljóð og upptökfræðum við tónver skólans. Í skólanum er fullkomin aðstoða til að fást við upptökur á tónlist og hljóði.

### Kennslulýsing

- ✓ verklega tíma, þar sem kennd er meðferð tækja og hugbúnaðar til hljóðhönnunar, upptökutækni og tónsköpunar
- ✓ farið er yfir helstu atriði hljóðfræði og þróun raf- og tölvutónlistar
- ✓ tónfræði þ.e. tónheyrn, hljómfræi til notkunnar við nótnaskrift úr tölvum

### Námsmat

- ✓ Þátttaka og virkni í tímum.

## Samspil – hljómsveit

Hljómsveitarbúðirnar eru ætlaðar nemendum sem vilja spila saman á hljóðfæri og hafa áhuga á að tónlist. Kröfur eru gerðar á að nemendur hafi einhvern grunn á hljóðfæri, eða hafi gaman af því að syngja.

### Markmið

- ✓ Markmiðið er í haust að æfa soul tónlist og koma svo fram á tónleikum Tónlistarskólans og viðburðum í Grunnskóla Dalvíkurbyggðar.

### Kennslulýsing

- ✓ Byrjað verður á að æfa lög með The Commitments - Midnight Hour og Mustang Sally og fleiri, þessi lög er hægt að finna á YOUTUBE ásamt fleirum frábærum lögum

### Námsmat

- ✓ Þátttaka og virkni í tímum.

## Tómstunda – val

**Kröfur:** Að nemandi stundi skipulagða íþrótta- eða tómstundaiðkun að minnsta kosti tvisvar í viku og sýni fram á að minnsta kosti 80% tímasókn.

### Markmið

- ✓ Efla þátttöku ungmenna í skipulögðu íþrótta og tómstundastarfi.
- ✓ Koma til móts við nemendur sem verja miklum tíma í skipulagða íþrótta - eða tómstundaiðkun.

### Námsmat

- ✓ Umsögn frá þjálfara eða kennara viðkomandi tómstundar.

**ATH!** Hægt er að meta tómstundaiðkun sem eina valgrein, en þó ekki meir en tvær annir.

## Inngangsáfangar við MTR

Nemendur 10. bekkjar geta valið einn inngangsáfanga við MTR fyrir áramót og annan eftir áramót. Hægt er að velja á milli þriggja áfanga sem hver og einn veitir fimm framhaldsskólaeiningar. Nemendur sem velja inngangsáfanga munu fá aðstoð við námið á bókasafni skólans. Hér að neðan er hægt að lesa lýsingar á áföngunum sem í boði eru, sjá einnig heimasíðu MTR [mtr.is](http://mtr.is).

**ATH. Einn inngangsáfangi er ígildi tveggja valgreina.**

# Inngangur að félagsvísindum - IFÉ1A05

**Framhaldsskólaeiningar: 5**

**Undanfari: Enginn**

## Lýsing á efni áfangans

Áfanginn er undirbúningur að námi í hugvísindum, aðferðafræði, tilgangi og markmiðum í víðu samhengi og samþættir sálarfræði, félagsfræði, heimspeki, stjórn málafræði og uppeldis- og menntunarfræði. Áfanginn er undanfari annarra áfanga í félagsvísindum og ætlað að kynna nemendum fyrir grunnhugtökum í þessum greinum.

Nemandinn er studdur til þess að þreifa sig áfram á eigin forsendum, vinna með öðrum og fjalla um efnið út frá eigin forsendum og ná lengra byggt á fyrri þekkingu og reynslu. Lögð er áhersla á að nemendur temji sér vinnubrögð sem notuð eru í félagsvísindum.

Fjölbreyttar kennsluáferðir eru notaðar í áfanganum, til dæmis umræður og verkefnavinna þar sem ýmist er um að ræða einstaklings- og hópverkefni. Markmiðið er að tengja námsefni áfangans sem best við raunverulegar aðstæður. Þetta krefst frumkvæðis, sköpunar og ábyrgðar á eigin námi. Nemendur afla upplýsinga eftir fjölbreyttum leiðum og fá þjálfun í að meta eigið vinnuframlag og annarra.

## Lokamarkmið áfanga

*Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á:*

- viðfangsefnum félags- og hugvísinda
- vinnubrögðum félags- og hugvísinda
- grunnhugtökum í félags- og hugvísindum
- þeim félagslegu stofnunum sem hafa áhrif á líf hans og hvernig hann getur haft áhrif á þær
- réttindum og skyldum hans gagnvart samfélaginu.

*Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:*

- beita algengustu hugtökum um viðfangsefni áfangans á skýran og skilmerkilegan hátt
- lesa og skilja umfjöllun um helstu viðfangsefni áfangans
- tjá kunnáttu sína bæði munnlega og skriflega

*Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:*

- tjá sig skipulega og gagnrýnið um einstaka efnisþætti
- geta tekið þátt í umræðum um samfélagsleg málefni og myndað sér skoðanir sem byggjast á gagnrýnni hugsun
- afla sér upplýsinga, greina helstu atriði þeirra og hagnýta sér þær
- geti beitt öguðum vinnubrögðum, tekið ábyrgð á eigin námi og unnið í samvinnu við aðra
- beita algengustu hugtökum félagsvísinda á skýran og skilmerkilegan hátt
- geti hagnýtt netið til að afla sér þekkingar um viðfangsefni áfangans
- tjá sig skipulega og gagnrýnið um samfélagsleg álitamál
- geta sett sig í spor annarra.

**Námsmat:**

Í áfanganum er viðhaft símat alla önnina. Öll verkefni gilda til einkunnar og þess vegna er það mikilvægt að nemendur stundi námið reglulega.

## Inngangur að listum - ILI1A05

**Framhaldsskólaeiningar:** 5

**Undanfari:** Enginn

### Lýsing á efni áfangans:

Inngangur að listum með megináherslu á myndlist, tónlist og listljósmyndun þar sem nemendur skoða eigin reynslu af listgreinunum og auka þekkingu sína á því hvað þær ganga út á. Skoðaðir verða listamenn þessara listgreina og nemendur spreyta sig á sköpun eftir því sem við á. Áfanginn miðar einnig að því að opna fyrir sköpunarkraft nemenda og gera þá óhrædda við að prófa, framkvæma og þróa hugmyndir sínar án þess að hræðast útkomuna. Áhersla er lögð á að nemendur auki orðaforða sinn á sviði menningar og lista og geti tjáð skoðanir sínar og rökstutt.

### Lokamarkmið áfanga:

*Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á:*

- grunnþáttum listgreina
- orðaforða til að geta tjáð sig um list, listamenn og listviðburði
- sjálfstæðum vinnubrögðum og hugsun út frá hugmynd (konsept)
- vinnuumhverfi, vinnutækjum og áhöldum viðkomandi listgreinar
- hugmynd (konsept) eða tilgangi listaverka
- að setja listir í menningarlegt og sögulegt
- mismunandi nálgun listamanna við listsköpun
- að miðla listsköpun með því að tjá sig um hana og sýna
- að þróa með sér aga, metnað, ábyrgð og jákvæðni í vinnubrögðum
- að meta eigið vinnuframlag

*Nemandi skal hafa öðlast leikni í:*

- skapandi hugsun
- að skoða listaverk, hlusta á tónverk og fjalla um megininntak þeirra á skapandi hátt
- að efla skilning sinn á listrænni vinnu, að upplifa, skynja og túlka það sem hann sér, upplifir.
- að taka þátt í samræðum um listgreinarnar, færa rök fyrir máli sínu og virða skoðanir annarra- beita mismunandi miðlunarleiðum í listsköpun sinni
- að skoða ólíkar hugmyndir listamanna bak við listaverk og ræða um þær á skapandi hátt
- að skoða hvar list er í umhverfinu og fjalla um það
- að leysa úr viðfangsefnum einn eða í samstarfi við aðra
- að skiptast á skoðunum og setja fram hugmyndir sínar og bregðast við viðmælendum.

*Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:*

- vera skapandi í hugsun
- tjá skoðanir sínar og tilfinningar um list, listamenn og listviðburði
- horfa á myndlist, ljósmyndalist og hlusta á tónlist með opnum hug
- vera meðvitaður um menningarlegt hlutverk listsköpunar



- vera leitandi og sýni nokkurt sjálfstæði við það að fullvinna hugmyndir undir leiðsögn kennara
- tjá sig um eigin verk við aðra viðmælendur með almennri ígrundun og samanburði
- að skapa eign verk byggt á eigin listrænum styrk undir leiðsögn kennara
- skilgreina eigin verk
- standa að sýningu/tónleikum þar sem nemandinn miðlar listrænum styrk sínum
- leysa úr viðfangsefnum einn eða í samstarfi við aðra
- þróa með sér aga, metnað, ábyrgð og jákvæðni í vinnubrögðum
- meta eigið vinnuframlag

### **Námsmat:**

Í áfanganum er viðhaft símat alla önnina og lögð er áhersla á vinnusemi, sköpun og áræði.

Öll verkefni gilda til einkunnar og þess vegna er það mikilvægt að nemendur stundi námið reglulega.

## **Inngangur að náttúruvísindum - INÁ1A05**

**Framhaldsskólaeiningar:** 5

**Undanfari:** Enginn

### **Lýsing á efni áfangans:**

Í áfanganum verður farið yfir grunnatriðin í þeim námsgreinum sem tengjast náttúruvísindum. Þessar greinar eru: líffærafræði, lífeðlisfræði, næringarfræði, auðlindafræði, eðlisfræði og efnafræði.

### **Lokamarkmið áfanga:**

*Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á:*

- grunnhugtökum næringarfræðinnar sem tengjast orku (hvað er orka, hvernig er hún reiknuð út og hver eru orkuefnin)
- grunngerð mannlíkamans með áherslu á líffærakerfi mannlíkamans
- hugtök og þróun auðlindafræði
- muninum á milli sjálfbærar og ósjálfbærar nýtingar auðlinda
- hreyfingu eftir beinni línu, hröðun og krafti
- uppbyggingu frumefna og lotukerfinu

*Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:*

- reikna út orkugildi matvara og hlutfall orkuefnanna í matvörum
- geti útskýrt byggingu líkamans út frá líffærakerfunum
- útskýra hreyfingu efna yfir frumhimmur
- geri greinarmun á endurnýjanlegum og óendurnýjanlegum auðlindum
- lesa í landslag og átta sig á hvaða innri og ytri öfl hafa verið að verki

*Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:*

- meta orkumikil og orkulítill matvæli
- skilja hlutverk hinna ýmsu líffærakerfa og átta sig á helstu hugtökunum sem þeim tengjast
- skilja umræðu og hugtök tengd auðlindafræði

- reikna út hraða, hröðun og krafta sem verka á hluti

**Námsmat:**

Í áfanganum er viðhaft leiðsagnarmat með símati alla önnina. Öll verkefni gilda til einkunnar og þess vegna er það mikilvægt að nemendur stundi námið reglulega.



## Valgreinaseðill fyrir skólaárið 2014-15

Nafn: \_\_\_\_\_ Bekkur: \_\_\_\_\_

### Skiladagur er miðvikudaginn 28. maí.

**Merkið 1 – 5** við valgreinar sem þið hafið áhuga á að vera í á næsta skólaári. **Athugið að velja þarf fyrir allar annir.** Reitir sem eru svartlitaðir tákna að viðkomandi valgrein er ekki í boði á önninni.

Valgrein	Hautönn	Vetrarönn	Vorönn
Þýska	■		
Heimilisfræði			
Trésmíði			
Myndlist – teikning		■	■
Myndlist – málun (val f. 2 annir)	■		
Textíll - vélsaumur		■	■
Textíll – prjón	■		
Textíll – hekl	■	■	
Sjálfsmennska			
Drengjamening	■		■
Leiklist 10. bekkur		■	
Leiklist 8. og 9. bekkur	■		
Íþróttaval		■	
Lífstíll, íþróttir og heimilisfræði	■		■
Stærðfræði – grunnur			
Stærðfræði – framhald			
Kvikmyndagerð			
Golf		■	■
Íþróttir – blak			
Útivist og fjallganga		■	■
Heimanámsaðstoð			
Forritun			
Hljóð og upptökutækni			
Samspil - hljómsveit			
Tómstundaval*			
Inngangsfangir MTR – 10. bekkur			

\*Nemendur sem jafnframt eru nemendur í Tónlistarskóla Dalvíkurbyggðar eða stunda skipulagt tómsunda eða íþróttastarf geta óskað eftir því að nám þeirra verði metið til valgreina í Dalvíkurskóla. Tekið skal fram að skólinn greiðir ekki fyrir nemendur. Nemendur geta fengið eina valgrein metna sem tómsundaval.

Tómsundaval  
Ósk um að fá eftirfarandi metið:

\_\_\_\_\_

Undirskrift foreldra/forráðamanna